

Stjórnarfundur Álfavina, haldinn 27.september 2023 á Álfastein.

Mætt eru Hugrún, Eva, Lilja, Sandra og Sigurbjörg. Lilja ritar fundargerð.

Fundur settur kl.20.00

1. Aðalfundur Álfavina. Ákveðið að stefna að aðalfund Álfavina í lok október (viðmiðunardagsetning 30. október) og hafa þá áhugavert kynningarerið sem gæti trekt fólk að fundi. Rætt um að tala við Laufeyju Hrólfs næringarfræðing og Ingibjörgu Malmkvist svefnráðgjafa og athuga hvort önnur þeirra hafi tök á að vera með erindi og hvað það myndi þá kosta. Sandra hefur samband við þær. Þegar það liggur fyrir verður aðalfundur auglýstur, en það þarf að senda aðalfundarboð 2 vikum fyrir fund.
2. Fjárhagur félagsins, nokkur umræða um hann og ákveðið að leggja það fyrir aðalfund að hækka mánaðarlegt framlag úr 300 í t.d. 350/400, en það lækkaði úr 500 í 300 í covid ástandinu. Það myndi skapa félaginu möguleika á að gera fleira skemmtilegt fyrir börnin.
3. Tvær hætta núna í foreldrafélaginu, Brynhildur er flutt og Sigurbjörg gefur ekki kost á sér áfram. Rætt um að ná helst tveim öflugum nýjum aðilum inn í staðinn fyrir þær, það verður auglýst eftir framboðum með aðalfundarboði.
4. Umræða um að þau sem starfa í stjórn félagsins fylgist með umræðum á umræðusíðu stjórnarinnar þegar viðburðir og fundir nálgast svo öll séu meðvituð um til hvers sé ætlast af þeim.

Fundi slitið kl.21.30